





Reykjavík, 8. maí 2025
USK25030399

Kringlumýrarbraut 100A– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2025 var lögð fram fyrirspurn Veitna ohf., dags. 27. mars 2025, um stækkun lóðarinnar nr. 100A við Kringlumýrarbraut til að koma fyrir nýrri dreifstöð, samkvæmt skissu á mæliblaði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag.



Annað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin Kringlumýrarbraut 100 - Verslun og þjónusta. Einkum ætluð fyrir þjónustu við vegfarendur, s.s. með orkusölu, þjónustu við farartæki og veitingasölu, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi

HverfisSKIPulag: Í gildi er HverfisSKIPulag fyrir Öskjuhlíð, samþykkt í borgarráði 30.08.2024. Lóðin er hluti af skilmálaeiningu 3.3.13

Fyrirspurn

Veitur eru með dreifistöð nr. 1334 á lóð við Kringlumýrarbraut 100a. Lóðin er nú 4 x 4 m að stærð, samtals 16 fermetrar. Veitur óska eftir að stækka lóðina í 5 x 7 m, samtals 35 fermetra. Ástæða stækkunar er sú að Veitur þurfa að koma upp nýrri dreifistöð, nr. 1597, við hlið núverandi stöðvar. Þegar nýja stöðin hefur verið spennusett og tekin í rekstur verður sú gamla, nr. 1334, fjarlægð. Um er að ræða umfangsmikla aðgerð þar sem nauðsynlegt er að taka allt rafmagn af meðan á framkvæmdum stendur. Til að tryggja rekstraröryggi og koma í veg fyrir rafmagnsleysi í 1–2 daga, er æskilegt að setja upp nýju stöðina við hlið núverandi stöðvar áður en sú eldri er tekin úr notkun. Því óskar Veitur eftir stækkun á lóðarreitnum til að unnt sé að koma framkvæmdunum við með þessum hætti.

Umsögn

Skilgreind lóðarstærð fyrir Kringlumýrarbraut 100a er 16 m² í HverfisSKIPulagi Öskjuhlíðar. Breyta þarf hverfisSKIPulagi til þess að heimila stækkun lóðar.



Niðurstaða

- Ekki er gerð athugasemd við að lóðarhafi láti vinna skilmálabreytingu á hverfissskipulagi sem gerir ráð fyrir stærri lóð.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

